

Framboð til kirkjupings

Konráð Gylfason

2. kjördæmi
Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Ég býð mig fram til setu á Kirkjupingi Þjóðkirkjunnar og leita eftir endurnýjuðu trausti til áframhaldandi starfa á næsta kjörtímabili.

Ég er formaður sóknarnefndar Árbæjarkirkju og hef um árabíl tekið virkan þátt í starfi kirkjunnar. Í því starfi hef ég öðlast víðtæka reynslu af safnaðarstarfi, stefnumótun, rekstri, mannauðsmálum og samstarfi við presta, starfsfólk og sjálfboðaliða.

Ég hef jafnframt setið eitt kjörtímabil á Kirkjupingi og gegnt varaformennsku í löggjafarnefnd. Sú reynsla hefur veitt mér góða innsýn í störf Kirkjupings, málsmeðferð, undirbúning þingmála og lagaramma Þjóðkirkjunnar.

Að mennt er ég viðskiptafræðingur af fjármálasviði með framhaldsmenntun í stjórnun. Ég er framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Í því starfi hef ég öðlast víðtæka reynslu af rekstri, áætlanagerð, fjárstýringu og mannauðsmálum, þar sem traust stjórnsýsla, gagnsæi og ábyrg meðferð fjármuna skipta sköpum.

Ég sækist sérstaklega eftir setu í fjárhagsnefnd Kirkjupings á næsta kjörtímabili. Ég tel að sú reynsla sem ég hef aflað mér í rekstri stórra og flókinna stofnana geti nýst vel í stefnumótun og eftirliti með fjármálum Þjóðkirkjunnar í heild.

Mér er umhugað að kirkjan sé rekin af ábyrgð, með skýra forgangsöröðun og með það að markmiði að styrkja kjarnastarf safnaðanna, efla þjónustu við samfélagið og standa vörð um traust og sjálfbærni til framtíðar. Efla aðkomu kirkjunnar að starfi eldri borgara og æskulýðsmálum.



Ég býð mig fram í þeirri trú að sameinuð reynsla af grasrótastarfi safnaða og fagleg rekstrarþekking geti lagt mikilvægt af mörkum til farsæls og uppbyggilegs starfs kirkjubings á komandi árum. Við viljum kirkju sem sameinar trú, ábyrgð og fagmennsku og tekur upplýstar ákvarðanir í flóknu umhverfi, í sátt við grunnildi kirkjunnar og fjölbreyttar þarfir fólks í landinu öllu framvegis.

Ég er fjölskyldumaður og bý í Norðlingaholti. Eiginkona mín er Arna Hrönn Aradóttir og eigum við fimm börn. Útivist og heilbrigt líferni er okkur hugleikið og nýtum við hvert tækifæri til útiveru og ferðalaga.